



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjórnar

---

### ***Erindi UNICEF á Íslandi varðandi tækifæri barna til áhrifa og ungmennaráð - umsögn skrifstofu borgarstjórnar***

Vísað er til erindis UNICEF á Íslandi, dags. 28. september 2022, varðandi tækifæri barna til áhrifa og ungmennaráð þar sem sveitarfélögum eru gefin 12 ráð til að efla ungmennaráð sveitarfélaga. Þar sem störf ungmennaráða og Reykjavíkurráðs ungmenna er meira rótgróið hjá Reykjavíkurborg en almennt gerist hjá sveitarfélögum var óskaði skrifstofa borgarstjórnar þann 31. janúar 2023 eftir umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna um erindið, sjá hjálagt dags. 14. febrúar 2023. Reykjavíkurráðið fjallar í sinni umsögn 7 atriði sem ná til 10 af þeirra 12 ráða sem finna má í erindi UNICEF.

#### Upplýsingaflæði (ráð nr. 1-3)

Reykjavíkurráð ungmenna telur að „það mætti bæta og leggja meiri áherslu á upplýsingaflæði og auka samráð við ungmenni varðandi varðandi mál sem þau varðar áður en ákvarðanir eru teknar.“ Reykjavíkurráðið gengur hér mun skemur en erindi UNICEF þar sem kallað er eftir því að mál sem varða börn og ungmenni skuli lögð fyrir ungmennaráð áður en ákvarðanir eru teknar, en það gefur auga leið að slíkt væri mjög erfitt og allt að því óframkvæmanlegt.

Möguleg viðbrögð:

Forsætisnefnd getur beint því til fagráða og íbúaráða að kalla í auknum mæli eftir umsögnum eða viðbrögðum frá Reykjavíkurráði ungmenna og ungmennaráðum eftir atvikum þegar mál sem varða börn og ungmenna er til afgreiðslu á þeirra vettvangi.

#### Ráð og nefndir (ráð nr. 6)

Reykjavíkurráð ungmenna telur að finna megi aðrar minna formlegar leiðir til að hafa samráð við börn og ungmenni heldur en það sem nú tíðkast. Í erindi UNICEF er kallað eftir því að ungmennaráð fái tækifæri til að koma inn á fundi bæjarstjórna og eigi áheyrnarfulltrúa í ráðum og nefndum. Slíkt hefur tíðkast hjá Reykjavíkurborg í árabíl og af umsögn Reykjavíkurráðsins að dæma er formlegt samráð talið nægilegt og kallað er eftir auknu óformlegu samráði. Hvernig slíku samráði yrði háttað er heldur óljóst.

Möguleg viðbrögð:

Forsætisnefnd getur beint því til Reykjavíkurráðs ungmenna að koma með tillögur að fyrirkomulagi fyrir slíkt samráð sem yrði bæði raunhæft og framkvæmanlegt.



### Kynning á starfi ungmennaráða (nr. 7)

UNICEF og Reykjavíkurráð ungmenna eru á sama máli þegar kemur að því að standa þurfi betur að kynningu á starfi ungmennaráða. Samskiptateymi borgarinnar fer með kynningu og upplýsingagjöf og er best til þess fallin að sinna þessu verkefni

Möguleg viðbrögð:

Forsætisnefnd getur beint því til samskiptateymis að skoða hvað má gera betur í þessum málum. Skoða má að koma má eftir atvikum á fót virku samstarfi milli Reykjavíkurráðs ungmenna og samskiptateymis

### Greiðslur fyrir fundi (ráð nr. 8)

Reykjavíkurráð ungmenna ítrekar þá afstöðu sína að áheyrnarfulltrúar ungmenna á fundum ráða og nefnda eigi að fá greitt fyrir fundasetu, en tillaga þess efnis hefur verið til skoðunar við fjárhagsáætlunargerð í einhvern tíma. Þess má geta að í erindi UNICEF er kallað eftir því að ungmenni fái greitt fyrir fundarsetu með sama hætti og aðrir, Hjá Reykjavíkurborg fá fulltrúar ungmenna sömu upphæð greitt fyrir fundi með borgarstjórn og aðrir fulltrúar sem taka sæti í borgarstjórn. Áheyrnarfulltrúar frá tilteknum hópum fá ekki greitt fyrir setu á fundum ráða og nefnda og á þetta jafnt við um fulltrúa ungmenna og fulltrúa aðra hagsmunahópa. Ljóst er að talsverður kostnaðarauki kæmi til ef þessu yrði breytt.

Möguleg viðbrögð:

Ekki er lagt til að brugðist sé sérstaklega við þessu atriði, enda uppfyllir Reykjavíkurborg nú þegar tilmæli UNICEF.

### Fundartímar hjá ráðum og nefndum (nr. 9)

UNICEF kallar eftir því að fundartími ráða og nefnda henti börnum, og af umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna má sjá að ánægja ríkir með stöðu þessa mála hjá Reykjavíkurborg.

Möguleg viðbrögð:

Ekki er þörf á viðbrögðum.

### Eftirfylgni (ráð nr. 10)

UNICEF kallar eftir því að sveitarfélög tryggja eftirfylgni með tillögum ungmennaráða. Reykjavíkurráð ungmenna kallar jafnframt eftir því að upplýsingar um afdrif tillagna þeirra séu aðgengilegri en nú er. Almennt má segja að eftirfylgni með tillögum ungmenna sé góð, og hljóta þær alla jafna afgreiðslu hjá þeim ráðum og nefndum sem þeim er vísað til. Tekið er undir að samantekin upplýsingagjöf um afdrif tillagna er ábótavant og tæknilegar lausnir á því hafa ekki skilað sér.

Möguleg viðbrögð:

Forsætisnefnd getur falið skrifstofu borgarstjórnar að halda úti yfirliti yfir tillögur fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna og uppfæra jafn óðum á meðan að beðið er eftir varanlegri tæknilausn.



Reykjavíkurborg

Fjármögnun verkefna (ráð nr. 12)

UNICEF kallar eftir því að verkefni sem snúa að börnum og ungmennum séu vel fjármögnuð. Reykjavíkurráð ungmenna lýsir ánægju með stöðu mála hvað þetta varðar og taka undir mikilvægi þess að tryggja að slík verkefni séu fjármögnum.

Möguleg viðbrögð:

Ekki er þörf á viðbrögðum.

Virðingarfyllt,  
Bjarni Þóroddsson  
*Skrifstofa borgarstjórnar*